

Market ehf.  
Smiðjuvegi 2  
200 Kópavogi

Reykjavík 6. september 2021  
UST202108-201/F.K.  
07.05.02

### **Niðurstöður eftirlits í kjölfar ábendingar um vanmerkta efnavöru í Plus Market.**

Umhverfisstofnun barst ábending um að efnavörur sem boðnar væru til sölu í Plus Market, Hraunbergi 4, uppfylli ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 varðandi merkingar.

Um er að ræða eftirfarandi vörur sem Market ehf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á:

Vara	Strikamerki
Ariel – All in 1 pods – laundry detergent pods	8001090348869
Fairy clean & Fresh – Jabiko – dishwashing liquid	4015400956181
Fairy Original - dishwasher pods	8001841303673
Henkel – E – liquid detergent	9000101314854
Persil Color active gel - liquid detergent	9000101314854

Farið var í eftirlit í verslun Plu Market í Hraunbrgi 4 og eintak af vörunum tekið til skoðunar. Eftirlitið leiddi í ljós að umræddar vörur uppfylla ekki skilyrði efnalaga nr. 61/2013 og reglugerða nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna og nr. 300/2014 um þvotta- og hreinsiefni.

Um kröfur til merkinga og frávik frá þeim sem eftirlitið leiddi í ljós vísast til eftirlitsskýrslu sem er send til eftirlitsaðila með rafrænum hætti.

**Umhverfisstofnun veitir Market ehf. frest til 20. september 2021 til að senda upplýsingar til staðfestingar flokkunar varanna og senda afrit af merkimiðum, uppfærðum með tilliti til varnaðarorða, hættusetninga, og hættumerkjja í samræmi við flokkun og tungumálakröfu með tilliti til merkinga skv. reglugerð nr. 415/2014 sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og reglugerð nr. 300/2014 um þvotta- og hreinsiefni sbr. nánari útlistun í meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.**

**Úrbætur skulu sendar Umhverfisstofnun merktar málsnúmerinu UST202108-201. Rafræn skjöl sendist á [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is).**

**Jafnframt er gerð sú krafa að vörur á sölustað verði endurmerktar með réttri merkingu þegar hún liggur fyrir og hefur verið staðfest af Umhverfisstofnun.**

Umhverfisstofnun veitir Market ehf. hér með frest til 20. sept nk. til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13.gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar 13. september nk. Telji fyrtæknið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrtæknið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar með rökstuðningi fyrir 13. september 2021.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að þótt aðeins séu gerðar kröfur varðandi þessa tilteknu vöru gæti verið þörf á úrbótum varðandi fleiri vörur hjá fyrtækinu til að þær standist kröfur efnalaga eða reglugerða settra á grundvelli þeirra.

Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögunum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr. og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 30 gr. gjaldskrárinnar.

Upplýsingar um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunnar<sup>1</sup>.

Fyrtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Fífa Konráðsdóttur, til að fá nánari upplýsingar um skyldubundnar merkingar í síma 591 2000 eða í gegnum netfangið [fifa.konradsdottir@ust.is](mailto:fifa.konradsdottir@ust.is).

Virðingarfyllst

Fífa Konráðsdóttir  
sérfræðingur

Bergdís Björk Bæringsdóttir  
sérfræðingur

<sup>1</sup> <https://ust.is/atvinnulif/efni/flokkun-merking-og-umbudir/>